

Til Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. ágúst 2009

### Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

#### Almenn umsögn

Ég fagna því að sett verði sérstök lög um heilbrigðisstarfsmenn. Ég tel það mjög jákvætt að í frumvarpinu er kveðið á um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.

#### Athugasemd við 3. gr. um tilgreiningu löggiltra heilbrigðisstétta

Fjölbrautaskólinn við Ármúla annast menntun sex heilbrigðisstétta. Fjórar þeirra, þ.e. sjúkraliðar, lyfjatæknar, lækningaritarar og tanntæknar eru taldar upp í 3. gr. frumvarpsins. Tvær starfstéttir skólans hafa ekki fengið löggildingu sem heilbrigðisstéttir, þ.e. heilbrigðisritarar og heilsunuddarar.

Heilbrigðisritarar taka á móti sjúklingum sem leita til heilsugæslunnar eða sjúkrastofnana og skrá upplýsingar um þá í sjúkraskrár. Ég tel því óeðlilegt að þeir fái ekki löggildingu sem heilbrigðisstétt. Heilbrigðisritaranámið er 80 eininga nám á framhaldsskólastigi. Sjá meðfylgjandi námskrá menntamálaráðuneytisins.

Heilsunuddarar meðhöndla sjúklinga, sem m.a. lækna vísa til þeirra. Nám þeirra er 121 eining á framhaldsskólastigi sem er hliðstætt við sjúkraliðanám. Sjá meðfylgjandi námskrá menntamálaráðuneytisins.

Ég tel einnig mikilvægt að í lok 3. gr. laganna verði gert ráð fyrir að hægt sé að bæta fleiri starfstéttum við listann.

Virðingarfyllst,

Gísli Ragnarsson  
skólameistari

Fylgiskjöl: Námskrár Menntamálaráðuneytisins

Vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/3980>